

Skólaráð Naustaskóla

5. fundur ársins 2014 - þann 9. maí 2014

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Áshildur Hlín Valtýsdóttir, Anna Sjöfn Jónasdóttir, Vaka Óttarsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Halla Jóhannesdóttir, Guðrún Huld Gunnarsdóttir og Dögg Stefánsdóttir. Lilja Þorkelsdóttir trúnaðarmaður kennara sat einnig fundinn.

Dagskrá og afgreiðslur:

- Ráðningar kennara og deildarstjóra.** Umsóknarfrestur um kennarastöður við skólann rann út á miðnætti. Fyrir liggja umsóknir frá samtals 38 aðilum, sumir sækja um tvö eða fleiri störf og því skiptast umsóknir þannig: 2 umsóknir eru um stöðu tónmenntakennara, 6 umsóknir eru um stöður íþróttakennara, 8 umsóknir eru um stöðu sérkennara, 5 umsóknir eru um stöðu smíðakennara, 20 umsóknir eru um stöður umsjónarkennara og 6 umsóknir eru um stöðu deildarstjóra. Meðal kennslureynsla allra umsækjenda eru 3,5 ár. Ákveðið að halda sama fyrirkomulagi við ráðningu deildarstjóra og árið 2009, þ.e. að fulltrúar foreldra taki þátt í viðtölum við umsækjendur, þær Áshildur og Vaka munu því taka viðtölin með Ágústi og Bryndísi. Ákveðið að boða fjóra umsækjendur til viðtals. Farið yfir umsóknir um kennarastöður, stjórnendur settu fram tillögu að því hverjir yrðu teknir í viðtal og skólaráð bætti við nokkrum nöfnum í yfirferðinni. Stjórnendur munu taka viðtöl og leita umsagna og bera að því loknu tillögu að ráðningum undir skólaráð. Fyrir liggur að taka 18 viðtöl við umsækjendur um kennarastöður til að byrja með.
- Skóladagatal.** Skóladagatal tekið til formlegrar afgreiðslu. Skólastjóri greindi frá þeirri uppgötvun að árshátíðardagar Naustaskóla og Brekkuskóla rekist á, sem getur verið óþægilegt fyrir suma foreldra og starfsmenn. Því gerð tillaga um að færa árshátíð og snakk- og bíódag aftur um viku þannig að þeir atburðir verði 20. og 21. nóvember. Skóladagatalið samþykkt með þeirri breytingu.
- Skólahúsnæði og skólalóð.** Hverfisnefnd hefur boðað fund með frambjóðendum til sveitarstjórnarkosningunum um málefni Naustahverfis þann 15. maí nk. í Naustaskóla og hefur til undirbúnings sent framboðunum spurningalista þar sem m.a. er spurt um áform/stefnu varðandi lok framkvæmda við húsnæði og lóð. Varðandi húsnæðismálin eru stjórnendur með hugmyndir um að víxla hópum í húsnæðinu til að mæta breytingum á nemendafjölda, þannig að 6.-7. bekkur fari á neðri hæðina og deili rými með unglíngastigi, en 2.-3. bekkur fari á efri hæð og deili rými með 4.-5. bekk. Þá eru uppi áform um að skrifstofa stjórnenda verði færð á neðri hæð í rýmið sem ætlað er sem tómstundarými nemenda (en er núna nýtt af 2.-3. bekk), til bráðabirgða.

Fleira ekki tekið fyrir, næsti fundur áætlaður 19. maí, að því gefnu að vel og hratt gangi að taka starfsviðtöl og gera tillögur um ráðningar.

Ágúst ritaði fundargerð.